


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		
Lita- og formfræði 102		
LIF102		
Kennsluáætlun vorönn 2010		

Kennari	Hjördís Stefánsdóttir	Sk.st	HJÖ
----------------	-----------------------	--------------	-----

LIF 102 Lita- og formfræði

Undanfari: GBM


Áfangalýsing

Áfanginn skiptist í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar læra nemendur um grunnatriði rýmis- og handverkshönnunar með áherslu á form og liti og samspil þeirra og hins vegar er fjallað um helstu stíltímabil með áherslu á þróunina eftir iðnbyltinguna. Farið er yfir þróun innanhússhönnunar og lögð áhersla á að nemendur tileinki sér algengustu hugtök sem notuð eru í hönnun og fái innsýn í hefðbundið hönnunarferli. Mikilvægt er að nemendur öðlist sýn á mikilvægi hönnunar og þess að skoða hluti í víðara sögulegu og fagurfræðilegu samhengi. Kennsla fer fram með fyrirlesturum og verkefnum og lögð er áhersla á að nemendur læri grunnatriði sjálfstæðrar hönnunarvinnu s.s. að safna hugmyndum á skipulegan hátt og vinna úr þeim.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki samspil línu, lögunar, hlutfalls, mynsturs og áferðar í híbýlahönnun
- geti metið afstöðu hluta og stærðarhlutföll m.a. með tilliti til jafnvægis og þunga
- geti túlkað hugmyndir með einföldum línum í mynd
- geti túlkað hugmyndir með beitingu einfaldra forma í mynd
- þekki klassísk fegurðarlögmál og notkun þeirra í híbýlahönnun
- þekki grunnatriði litafræði og geti notað á meðvitaðan hátt
- þekki forsendur litablöndunar
- kunni að beita litum til að ná fram mismunandi áhrifum
- hafi innsýn í notkun mismunandi efna til að ná fram ólíkum áhrifum og áferð í tengslum við litameðferð
- viti deili á hönnunarferlinu í grófum dráttum, kunni að skilgreina forsendur og þörf
- þekki hugmyndaúrvinnslu með skissu- og líkanagerð
- kunni skil á vinnuáætlunum og verkþáttagreiningu í hönnun
- geri sér grein fyrir stöðugu endurmati á hönnunarhugmyndum
- geti skipulagt einfalt innirými fyrir ákveðna notkun
- geti gert rýmisteikningu af einföldum híbýlum
- geti skipulagt einfalt innirými fyrir ákveðna notkun í rými
- geti safnað hugmyndum að rýmishönnun á margvíslegan hátt
- kunni að setja fram hugmynd að útfærslu og geti kynnt fyrir öðrum
- kunni skil á helstu stíltímabilum á Vesturlöndum frá tímum iðnbyltingarinnar
- fái innsýn í menningarlega og hugarfarslega þróun eins og hún endurspeglast í híbýlum manna á mismunandi tímum og stöðum
- átti sig á samhengi félagslegra aðstæðna og híbýlahönnunar á hverjum tíma
- læri hvernig staðhættir og tækni hefur áhrif á híbýlahönnun m.m.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		
Lita- og formfræði 102		
LIF102		
Kennsluáætlun vorönn 2010		

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Efni frá kennara.	Grunnatriði í litafræði

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Verkefni
2 - 17	Efni frá kennara.	Grunnatriði í litafræði skoðuð, litablöndun, teiknað upp einfalt innirými fyrir ákveðna notkun o.fl


Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Efni frá kennara.
Ljósrit	Efni frá kennara.
Verklegar æfingar	Efni frá kennara og sumarhús VMA .

Ann að	Lýsing
Undanfari	GBM

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Próf	30%
Verklegt	Verkefni unnin á önninni	30%
Frammistaða á önn	Stundvísi, framfarir, átundun, árangur, umgengni, símat	40%

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	Lita- og formfræði 102 LIF102 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils